GRAFÍK

GRAFÍK
Í MYND

Kjarvalsstaðir – Listasafn Reykjavíkur

Október - desember 1999

Inngangur

Grafíkin er að líkindum sá miðill myndlistarinnar sem hefur átt einna mestum vinsældum að fagna um langa hríð. Þróun grafíklistarinnar síðustu aldirnar hefur átt mikinn þátt í að gera öllum almenningi mögulegt að njóta myndlistar sem að öðrum kosti hefði einungis verið aðgengileg völdum hópum í þjóðfélaginu. Hlutur grafíkmyndarinnar hefur ekki síður verið mikilvægur við að leggja grunninn að þeirri myndrænu framsetningu upplýsinga sem nú er talinn sjálfsagður þáttur í allri fjölmiðlun.

Á þessari öld hefur grafíkin í sífellt auknum mæli nýtt sér þá möguleika sem tækniþróunin hefur haft fram að færa. Síðustu áratugina má segja að orðið hafi sprenging á þessum vettvangi með aukinni fullkomnun ljósmyndatækni og tölvuvæðingu á öllum sviðum.

Það er ánægjulegt fyrir Listasafn Reykjavíkur að geta nú boðið til sýningar á þeim fjölbreyttu kostum sem listamenn hafa fundið í grafíklistinni í samtímanum. Jafnframt er mikill fengur að fá hingað til lands nokkra gimsteina úr hinum ómetanlega listræna arfi grafíkurinnar í listasögunni. Það er sérstakt gleðiefni að geta boðið fram sýningu sem þessa á afmælisári íslenskra grafíklistamanna, og er það von mín að sýningin geti orðið til að hvetja þá til frekari dáða í framtíðinni, öllum listunnendum til heilla.

Foreword

The graphic arts are possibly the most popular medium of the visual arts in recent times. The evolution of graphic arts during the last few centuries has been a decisive force in creating an access for the common people to art in general, which would otherwise have been the exclusive privilege of the chosen few in society. The role of the graphic image has also been important in laying the foundations for the visual presentation of information, which is now seen as an essential part of all news media.

In this century the graphic arts have increasingly made use of the opportunities that new technologies have offered. During the last few decades there has been an explosion in this field with the ever improving quality of photographic techniques and the increasing use of computer technologies in all fields.

It is a pleasure for the Reykjavík Art Museum to be able to host an exhibition of the great variety of opportunities that artists are finding in graphic arts in our times. It is also a great catch to be able to get on loan to our Museum and exhibit some of the gemstones of previous times that the graphic arts have given to art history. It is a special joy to be able to offer an exhibition of this quality in a year of celebrations for Icelandic graphic artists, and it is my hope that this exhibition will become an encouragement for them for future achievements, for the good of all those who love art.

Formaður menningarmálanefndar Reykjavíkur / *Chair, Cultural Committee of the City of Reykjavík:*



Sígild grafík

Það sem við köllum einu nafni grafík eða svartlist má í stuttu máli skilgreina sem ýmsar tegundir myndþrykks í mismiklu upplagi. Hér er semsé um að ræða ýmsa tækni við að fjöldaframleiða myndir til að tryggja verulega dreifingu hverrar myndar. Með þessum hætti geta miklu fleiri en ella notið sömu myndar. Það er að segja: Notið listar.

Grafík er allajafna flokkuð í fernt: Háþrykk (trérista, tréstunga, dúkrista), flatþrykk (steinþrykk), djúpþrykk (koparstunga, þurrnál, æting, akvatinta) og sáldþrykk.

Trérista

Saga evrópskrar grafíkur á rætur að rekja til miðalda, nánar tiltekið til loka 14. aldar. Elsta aðferð grafíkurinnar er tréristan. Tréristan er háþrykksaðferð þar sem skornir eru burtu þeir hlutar af trénu eða þrykkplötunni sem ekki eiga að bera lit á afþrykkið.

Johan Gutenberg frá Mainz í Þýskalandi er sagður hafa fundið upp bókarprentið um 1440 en prentmyndin hafði séð dagsins ljós áður. Það var ein helsta forsenda þessara byltingarkenndu uppfinninga að tiltækt væri efni þeirrar náttúru að festa við sig prentsvertu. Þá kom í góðar þarfir gömul kínversk uppfinning sem barst til Evrópu með Aröbum á 12. öld og er enn föst í sessi sem helsti efniviður grafíklistamanna – pappírinn.

Á þessari sýningu má sjá að Albrecht Dürer (1471–1528) nýtti sér tréristuna sem listmiðil. Endurreisnarmaðurinn Dürer er talinn mesti grafíklistamaður samtíðar sinnar og á síðari tímum hefur honum verið skipað á bekk með helstu höfðingjum listasögunnar. Léttleiki og glæsimennska í línudrættinum einkenna persónulegan stíl hans og skapa honum meistaratign. Hjá Dürer sameinast tær snilld við handverkið og hæfileikar mikils listamanns til persónusköpunar og listrænnar innlifunar.

Dürer leggur áherslu á línuna í verkum sínum. Þrykkfletirnir voru vandlega útskornar tréplötur en framleiðslan í raun og veru einföld afþrykk í svart-hvítu. Á öndverðri grafíköld var hinsvegar sjálfsagt að listamenn sköpuðu listmiðli sínum nýja túlkunarmöguleika með ýmsum tilraunum. Það var byrjað að bæta lit við fábrotna línudrættina með því að mála ofan í afþrykkin þegar þau voru komin úr þrykki, og ekki endilega höfundurinn sem sá um það. Tækni lit-tréristunnar, þar sem notuð er ein tréplata fyrir hvern lit, er nýleg í okkar heimshluta. Á 16. öld var hinsvegar byrjað að ná

fram ýmsum styrkleika sama litar með mörgum þrykkflötum og heitir sú aðferð chiaroscuro-trérista. Þá var hægt að beita ljósi og skugga í tréristunni í stað einberrar línuteikningarinnar.

Í Japan reis list tréristunnar hvað hæst með verkum manna á borð við Katsushika Hokusai (1760–1849) og Ando Hiroshige (1797–1858). Á sýningunni eru tvær lit-tréristur eftir hinn síðarnefnda. Verk Hiroshiges eru landslagsverk þar sem listamaðurinn einbeitir sér að persónulegri náttúrutúlkun og miðlar andblæ viðfangsefnis síns á ljóðrænan hátt.

Koparstunga

Koparstungan er næstum jafngömul tréristunni. Koparstungan er djúpþrykksaðferð þar sem myndin er stungin í málminn og prentsvertan leggst ofan í grófirnar þegar hún er borin á plötuna. Síðan þarf að hreinsa yfirborðið vandlega áður en myndin er þrykkt á pappír.

Á 15. öld er Martin Schongauer langkunnastur þeirra listamanna sem fengust við koparstunguna, og skapaði sérstakan skóla í þessari grein. Það gerði einnig Dürer sem á 16. öld varð hin mikla fyrirmynd, enda hentaði koparstungan jafnvel og tréristan nákvæmri línuteikningu hans og skýrri efnisframsetningu.

Frá 16. til 19. aldar var koparstungan þó fyrst og fremst notuð til að framleiða eftirmyndir teikninga og málverka sem þóttu eiga erindi til fjöldans. Slíkar koparstungur voru gerðar eftir myndum uppbyggilegs efnis eða kristilegs, eftir pólitískum áróðursmyndum, eftir frægum málverkum og myndum af einstökum stöðum – og eiga sér að áferð og innihaldi helst líkindi við póstkort nútímans.

Við þessa þróun var hinu grafíska ferli oft skipt niður og verkþáttum deilt á ýmsa sérfræðinga. Listamaður útbjó frummyndina, grafíkmeistari gróf hana í málm, prentari þrykkti hana á pappír og útgefandi sá um að breyta myndinni í peninga.

William Hogarth (1697–1764) er einn helsti myndlistarmaður Englendinga og þekktur bæði sem málari og grafíklistamaður. Koparstungunni kynntist hann sem lærlingur í gullsmíði þar sem málmrista var ein af námsgreinunum. Um 1731 ákvað Hogarth að fást við myndir með siðrænum boðskap sem hæfði samtímanum og liggur eftir hann fjöldi myndraða sem voru fjölfaldaðar sem grafík. Þeim var tekið með kostum og kynjum, svo mjög að ýmsar þeirra voru endurútgefnar í leyfisleysi og eiga ensku höfundarréttarlögin frá 1735 þangað að rekja rót sína. Ein hin allra útbreiddasta var myndröðin um *Líf skækjunnar* (1731–32). Tvær þeirra mynda eru hér á sýningunni.

Á seinustu öldum hefur koparstungan látið undan síga og grafíklistamenn valið sér aðrar tjáningaraðferðir.

Æting

Æting er sú djúpþrykksaðferð sem rækilegast er kynnt hér á sýningunni. Við þessa tækni er einnig algengast að hefjast handa á koparplötu en sink og aðrir málmar hafa líka verið notaðir. Platan er fyrst þakin sýruheldum grunni, til dæmis viðarkvoðu, vaxi eða asfalti og síðan teiknað í hann með oddhvössu áhaldi sem hreinsar grunninn af þeim hlutum plötunnar sem eiga að bera lit á pappírinn. Þá er platan lögð í sýru sem ætir hana þar sem hún kemst að. Ætingartíminn er einkar mikilvægur því að með löngu sýrubaði verða línurnar sterkar en veikjast eftir því sem platan liggur skemur í sýrunni og geta tilbrigðin þannig orðið mýmörg. Þetta skapar listamanninum verulegt svigrúm.

Ætingin þróaðist í kjölfar koparstungunnar. Fyrstu ætingartilraunirnar eru frá fyrri hluta 16. aldar en það er fyrst á 17. öld að menn fara að sletta sýrunni svo um munar. Tveir af helstu grafíklistamönnum 17. aldar eiga verk hér á sýningunni: Jaques Callot (1592–1636) og Rembrandt (1606–69).

Frakkinn Callot er talinn fyrsti meistari ætingarinnar. Helstu verk hans bera einkenni fréttafrásagnar. Hin mikilfenglega átján ætinga myndröð hans um eymd og ógæfu styrjalda, *Les grandes Misères et Malheures de la Guerre*, frá 1633 er sennilega það verk hans sem kunnast er, en íþrótt Callots er ekki síður augljós í trúarlegum myndum, í röðunum um *commedia dell'arte*-leikarana og öllu dapurlegri betlaramyndum hans.

Callot er oft talinn hafa gert ætinguna að sjálfstæðri listgrein, og fylgir þá allajafna sögunni að Rembrandt tæki síðan við arfi hins franska fyrirrennara síns og hæfi listgreinina til fullkomnunar. Þegar menn standa frammi fyrir grafíkverkum Rembrandts – einsog á þessari sýningu – er fátt annað til ráða en lúta höfði og viðurkenna snilldina.

Í borgarasamfélagi barokktímans í Hollandi kölluðu listsmekkur og málverkapantanir fram yfirlætisleg portrett, nostursamlegar kyrralífsmyndir með allskyns matvælum, búnaði og oft siðrænum boðskap, og landslagsmyndir sem listfræðingurinn Kenneth Clark kallar „hérumbil-staðfræðilegar" (quasi-topographical). Málararnir voru flestir hálfatvinnumenn sem sameinuðu listsköpunina virðulegu borgaralegu starfi. Aðeins örfáir listamenn höfðu framfæri sitt eingöngu af myndlist. Einn þeirra var Rembrandt. Þeir Frans Hals og Adrian van Ostade náðu einnig að lifa af listinni, en hvorugur þeirra náði þokkalegum efnum.

Rembrandt kvæntist hinni auðugu og virðulegu borgarstjóradóttur Saskíu van Uylenburgh en hlaut sjálfur aldrei viðurkenningu sem jafningi í stétt tengdaforeldranna. Það var útilokað að listamenn næðu svo hátt í þjóðfélagsstiganum. Hinsvegar var listin nýtt til að mæra það samfélag stórborgara sem listamönnunum sjálfum var neitað að tilheyra. Í listsköpun sinni gat Rembrandt þó barist fyrir viðurkenningu með því að upphefja listamanninn í stað verkkaupans og ljá hlutverki listamannsins þar með nokkurn virðingarblæ. Þessar tilraunir hans komu raunar fyrir ekki.

Fyrstu ætingar Rembrandts komu úr þrykkpressunni árið 1628. Af þeim er strax ljós innsýn listamannsins í sérstöðu listmiðilsins og þá möguleika sem hann opnar listrænni vinnslu. Á fjórða tug 17. aldar er nafn Rembrandts að finna á ætingum sem bera vott um nákvæm grafísk vinnubrögð samfara velheppnaðri notkun ljóss og handbragði hins æfða málara en eru frjálsari í tjáningu og bundnari augnablikinu en málverk hans. Málverkseinkennin í ætingum Rembrandts (sem hann vann oft áfram og lagfærði með þurrnál) höfðu mikil áhrif á þróun grafíkurinnar en í raun var hann alltaf trúr hefðbundinni ætingartækni. Málverksblærinn birtist í notkun hans á ljósum og dökkum blæbrigðum. Í verkum Rembrandts er samleikur ljóss og skugga ekki einungis nýttur til að móta viðfangsefnið og beina að því áherslu heldur verður lýsingin honum verkfæri til að gæða viðfangsefni sín lífi og innihaldi.

Fjöldi trúarlegra viðfangsefna í málverkum Rembrandts – og raunar í öllu málverki 17. aldarinnar – skýrist meðal annars af tilskipun katólsku kirkjunnar frá 1563 um aukna áherslu á trúarlega fræðslu þar sem myndlistin átti síst að skerast úr leik. Þessa sér einnig stað í grafíkverkum Rembrandts.

Akvatinta

Um Francisco Goya (1746–1828) er sagt að hann hafi í senn verið síðasti fulltrúi gömlu svartlistarhefðarinnar og fyrsti fulltrúi nútímans í grafík. Því má bæta við að hann var fyrsti mikli grafíklistamaðurinn sem hagnýtti sér aðferð akvatintunnar.

Goya fékkst fyrst við þessa tækni á síðasta áratug 18. aldar. Í ætingu er það línan sem öll áhersla er lögð á. Blæbrigðum við lýsingu er hægt að ná með misþéttum strikum langs og þvers en línan er eftir sem áður mikilvægust. Til að geta unnið í stórum flötum og fínum ljósblæbrigðum leitaði Goya því á náðir akvatintunnar, sem er afbrigði af ætingartækninni. Hann stráir smáum viðarkvoðukornum jafnt yfir alla málmplötuna. Síðan hitar hann plötuna þannig að kvoðukornin bráðna og festast við plötuna en milli kornanna verða eftir örsmáir blettir kvoðulausir. Síðan ver Goya þá hluta plötunnar með sýruheldu lakki sem hann vill hafa hvíta og setur hana svo í sýru. Sýran ætist inn í málminn milli kornanna á þeim hlutum plötunnar sem ekki eru varðir. Með því að láta plötuna vera mislengi í sýrunni var hægt að kalla fram margvíslega grátóna í afþrykkinu. Auk þessa notaði Goya hefðbundna línu-ætingu, sem enn er alvanaleg í akvatintugerð.

Einsog margir aðrir vann Goya grafík sína í myndröðum. Á sýningunni eru tvö dæmi úr röðunum *Los Proverbios* (Málshættirnir) og *Desastres de la guerra* (Ógnir stríðsins), og er annað afþrykkið æting, en hitt blanda ætingar og akvatintu. Einsog Hogarth beindi Goya sjónum sínum að félagslegu misrétti og mannlegum fáránleik, en ólíkt Englendingnum leggur Goya áherslu á aðalatriðin og lætur nákvæmnina lönd og leið. Einfaldanir hans koma þó ekki niður á hinni natúralísku framsetningu myndefnisins. Hin kraftmikla tjáning Goya í ætingum sínum og akvatintum þykir í senn sýna afburðahæfni hans við grafíkina og bera vitni um mikilfengleik hans sem listamanns.

Steinþrykk

Árið 1824 vann Goya grafíkmyndröð sem síðan hefur verið kölluð nautabanamyndirnar og nýtti sér þá tiltölulega unga grafíkaðferð, steinþrykkið (litógrafíuna) sem þjóðverjinn Alois Senefelder uppgötvaði fyrir tilviljun árið 1798. Þetta er flatþrykksaðferð. Fyrst er teiknað með feitri krít á kalkstein. Hann er síðan strokinn með sýrublöndu sem herðir krítina og festir hana við steininn. Sýran gerir líka þá fleti gljúpari sem krítin snertir ekki þannig að þeir drekka betur í sig vatn. Kalksteinninn er síðan bleyttur með vatni og prentsvertan völsuð á þrykkflötinn. Hér gildir hið gamla lögmál að vatn og fita blandast ekki, og þar sem prentsvertan er feit festist hún ekki við blautu svæðin heldur einungis þar sem krítað var á steininn. Síðan er þrykkt eftir steininum og eru afþrykkin spegilmyndir af sjálfri teikningunni. Með þessum hætti er hægt að þrykkja mikið upplag sömu myndar án þess að tapa gæðum og steinþrykkstæknin var því ekki síst nýtt til fjöldaframleiðslu myndefnis án listræns gildis. Á sýningunni eru hinsvegar verk sem sýna steinþrykkið sem listmiðil.

Auk Goya voru frumherjar steinþrykksins einkum hópur franskra listamanna í fremstu röð: Eugène Delacroix, Théodore Géricault og Honoré Daumier. Daumier (1808–79) var sá þeirra sem tíðast hagnýtti sér steinþrykkstæknina og er ef til vill mestur listamaður steinþrykksins fram á okkar daga. Hinn háðski spaugari og samfélagsgagnrýnandi skapaði sér frægð með rúmlega fjögur þúsund steinþrykkum sem hafa haft mikilvæg áhrif á þróun listmiðilsins. Þekktustu steinþrykk hans voru unnin eftir pöntun fyrir vikublaðið *La Caricature* á árunum 1830–45 og fyrir dagblaðið *Le Charivari* 1832–60 og 1863–72. Mörgum þeirra var síðar safnað í myndraðir eftir þemum.

Að Daumier gengnum hafa ýmsir listamenn búið til afbragðsverk með hjálp steinþrykksins. Fulltrúi þeirra á sýningunni er Henri Toulouse-Lautrec (1864–1901). Auðþekkjanlegur stíllinn virðist henta steinþrykkinu fullkomlega. Með óvæntum skynhrifum sínum og áreynslulausum glæsileik marka hin sérstæðu grafíkverk hans heilu tímaskeiði sess í vitund okkar. Sá sem skoðar þrykk eftir Toulouse-Lautrec veit samstundis að það er hann sem er höfundurinn og að myndefnið er Parísarborg á lokatug síðustu aldar.

Á hinni nýju öld – sem nú er senn gengin um garð – hefur sígild svartlist látið undan síga fyrir nútímalegri grafíktjáningu. Hún hefur hinsvegar sífellt verið fyrir hendi. Verkin hafa staðið áhugamönnum til boða á uppboðum og í sérverslunum. Fágæt frumþrykk hinna fremstu listamanna hafa selst háu verði og því verið einkamál fárra útvalda en slík verk eru einnig aðgengileg öllum á opinberum söfnum. Hingað til hafa listunnendur sem ekki eru í hópi sterkefnaðra þó átt þess kost að eignast sígilda grafík fyrir tiltölulega viðráðanlegt verð. Þeir sem þekkja markaðinn vita að nú er sá tími óðum á enda. Sífellt fleiri sýna sígildri grafík áhuga. Þar með eykst eftirspurnin – og þá hækkar verðið.

En eftir sem áður er ókeypis að njóta góðrar sígildrar listar.

Eiríkur Þorláksson

Hugleiðing

Við heyrum orðið grafík – og í hugum okkar flestra koma upp minningar um fjölbreyttar myndir sem bera með sér að hafa verið þrykktar á pappír, einu sinni eða í mörgum umferðum. Fyrir augum okkar birtist fjölbreytt línuspil og litaval sem koma saman í einu myndverki – og við gerum okkur einnig grein fyrir þeirri staðreynd að verkið getur verið til í fjölda eintaka sem hvert fyrir sig er sjálfstætt listaverk. Í hugum annarra kunna að koma upp ímyndir af átökum ábúðarfullra listamanna við þunga steina, grófar tréplötur eða fægðan málm, sem síðan er teiknað á, höggvið úr, rist í eða skrapað. Í allri þessari sköpun er efnafræðin á næsta leiti, þar sem hættulegum eiturefnum, bleki og litarefnum ægir saman í ferli sem stefnir allt að einu marki: Að skapa listaverk sem á eftir að standast tímans tönn.

Tímans tönn? Eru það ekki fornaldarleg vinnubrögð sem hér er verið að lýsa? Hvers vegna í ósköpunum er nokkur maður nú á tímum að leggja á sig það erfiði sem fylgir þessum listmiðli þegar einfaldari, hreinlegri og þægilegri aðferðir eru til – og liggja raunar við fingurgóma okkar í alls kyns tölvum og myndavélum? Er þessi sóðalega vinna ekki úrelt fyrirbæri, dæmi um fortíðarhyggju og þar með einangrun viðkomandi listamanna frá þeim nýja og háþróaða tækniheimi sem þeytist áfram allt í kringum okkur?

Það væri auðvelt að ályktа svo – ef ekki væri fyrir þá staðreynd að listrænt gildi hefur aldrei í sögunni byggst á tæknilegu eðli þeirra listaverka sem athyglin beinist að.

Það eru hughrifin sem mestu skipta.

Þau ráðast af persónulegum og óræðum þáttum, þar sem grafíklistin, gömul og ný, á vissulega sinn stað í hjarta flestra listunnenda, og mun eiga um ókomna tíð.

Í samtímanum hafa grafíklistamenn hér á landi sem annars staðar tekist óhræddir á við fornar vinnuaðferðir, blandað þeim saman við þá fjölskrúðugu möguleika sem síbreytileg tæknin býður upp á, og þannig stöðugt haldið áfram að skapa nýja og óvænta list. Listsköpun byggir á því sem bærist innra með listamanninum, og val hans á tækni – ekki síst grafíktækni – byggist fyrst og fremst á því hvaða aðferð hann telur henta best til að koma myndsýn sinni á framfæri.

Á meðan grafíklistamenn halda áfram að vinna af þeim listræna metnaði sem þeir hafa sýnt til þessa – og það gera þeir svo sannarlega í þeim verkum sem þeir sýna listunnendum nú – er ekki ástæða til að örvænta.

Aðalheiður Valgeirsdóttir

Tilvera

Hugmyndir koma úr ýmsum áttum – litir, áferð, efni, sandur, agnir, frumur, foss, náttúran, vefur, veður, ský, form, vasi, skófir. Hver eru mörk forms og flatar? Hvenær tekur einn flötur við af öðrum? Allt rúmast í tilverunni. Öllu blandað saman. Hvítur pappír, litur þrykktur á, annar litur og enn annar, fleiri litir, annar pappír, margar myndir í takinu í einu. Fyrsta myndin tekin fram, en – allt skafið burt, önnur stefna tekin. Hugmyndin? Myndin lifnar á pappírnum, tekur völd, vinnugleði, átök, efasemdir. Niðurstaða, útkoma. Röð sjálfstæðra mynda sem saman mynda eina heild. Nokkur brot úr tilverunni. Ef til vill er einhverjum spurningum svarað, þó enn fleiri ósvarað. Fleiri spurningar vakna og fleiri hugmyndir kvikna.

Existence

Ideas are received from different directions – colours, texture, material, sand, particles, cells, waterfall, nature, web, weather, cloud, form, vase, lichens. Where is the line between form and surface? When does one surface become another? Everything has its place within our existence. Everything blends together. White paper, colour printed on top, another colour and another, more colours, another piece of paper, working on many pictures at the same time. The first picture reviewed, but – everything whiped away and a new direction is taken. The idea? The image on the paper comes to life, takes over, work fulfillment, conflict, doubt. Conclusion, outcome. A series of works that create a whole. A few pieces out of our existence. Perhaps a few questions have been answered, but there are still more without any answers. More questions will arise and new ideas will be born.



Tilvera/*Existence*, 1999
einþrykk á pappír/*monotype on paper*, 112 x 76 cm

Anna Líndal

Fyrir mér er myndlist eins og stækkunargler. Með hjálp þess geri ég myndir sem auðvelda mér að skoða þær fjölmörgu athafnir og siði sem fylgja því að taka þátt í vestrænu samfélagi. Í myndröðinni „Heimsókn" beinist stækkunarglerið að landamærum þess náttúrulega og menningarlega. Með því að stilla saman augnablikum þar sem maðurinn er á einhvern hátt gestkomandi í sínu heimalandi koma í ljós ýmsar myndir sem endurspegla veruleika okkar. Þetta er eilíf glíma við að myn dgera ýmsa huglæga þætti tilverunnar og finna fyrir þá viðeigandi sjónrænt tjáningarform.

To me art is like a magnifying glass. With its help I make pictures that help me examine the numerous conducts and traditions that are involved in being part of western civilization. In the series "A Visit" the magnifying glass is directed towards the borderline between the natural and the civilized. By juxtaposing moments where the individual, in some sense, is a visitor in his own country, many things come to light that reflect upon our existence. This is a continuous str uggle between finding a form for the spiritual side to our existence and the corr ect way to present it.



Heimsókn/*A Visit*, 1999
blönduð tækni/mixed media, 37 x 309 cm

Benedikt G. Kristþórsson

Við getum skipt „grafíklistamönnum" í þrjá hópa: Þá sem laðast að handverkinu, hefðinni, átökunum við steininn eða koparplötuna, lyktinni af svertunni, terpentínunni eða þykkt og áferð pappírsins.

Svo eru þeir sem heillast af tækninni, hvernig flatbytningurinn vinnur með línunni í koparætingunni eða grófleiki steinsins kemur skemmtilega fram í lokaþrykki steinþrykksins.

Og loks þriðji hópurinn, þeir sem kjósa að vinna í hinum ólíku grafísku miðlum vegna þess að þeir henta viðfangsefni þeirra í „myndrænni sköpun". Þar sem viðfangsefnið skiptir aðalmáli en handverkið og tæknin eru aukaatriði.

Ég hef kosið að vinna með ljósmyndavélina, tölvuna og bleksprautuprentarann því þau tæki henta viðfangsefni mínu – núna. Það er skráning á íslenskum veruleika.

We can divide graphic artists into three groups: Those who find the craft itself appealing – the tradition or the interaction with the stone, copper - plate, the smell of the ink, terpentine or the weight or texture of the paper.

The second group is impressed by the technique, how the plane surface interacts with the line in the copperprint or how the texture of the rough stone appears in the final print.

The last group consists of those who choose to work with various graphic techniques because they are right for their subject of "artistic creation". Where the artist's subject is the main issue, and the craft or technique is of secondary importance.

I have chosen to work with the camera, the computer and the ink jet printer because this equipment is right for my subject – now. It is a documentation of Icelandic reality.



Íslenskur veruleiki/*Icelandic reality*, 1999
stafrænt þrykk/*digital print*

Karen Dugas

Tvíeðli

Í kvikmyndalíkingu fangins tíma leitast ég við að afhjúpa fleira en titlarnir gefa til kynna. Í fyrstu nægir ríkuleikinn sem kemur fram í tækni verkanna og þau dramatísku átök sem eiga sér stað í þröngu myndrýminu til að vekja áhuga áhorfandans á nákvæmri skoðun. Dýpt verkanna gerir þau hvikul og hvetur síðan til nánari athugunar. Verkin eru engu að síður sundurlaus: þeim er skeytt saman; form og hlutir fá á sig nýja áferð með nýrri tækni. Form verða skuggar, nákvæm smáatriði verða að loftkenndum vafaatriðum. Þessar dramatísku smámyndir tímans, úr sögu einhvers, afhjúpa viðfangsefni sem er í senn viðkvæmt og kyrrstætt, innilokað í þeim tíma.

Dualities

In cinematic maquettes of captured time, I try to reveal more to the viewer than the titles imply. Initially the richness imbued by the technical expertise and the drama that unfolds in these intimate spaces, is enough for casual moments of intense reflection. The richness of these works makes them volatile, inciting deeper investigation. The body of work is disjointed: images are spliced; forms and objects introduce new textures through shifts in media. Solids become shadows, photographic detail dissolve into airy ambiguity. Irritation and conflict occur throughout the space, intensified by dramatic lighting. These dramatic vignettes of time, of someone's story, reveal a subject that is vulnerable and static, locked in to that time.



Boð/*An offering*, 1998
æting og steinþrykk/*etching and lithograph*, 77 x 120 cm

Christoph Gerling

Ég hef tréristuhausana mína í höndunum, skil þá gegnum hendurnar. Ég saga þá úr harðviði og hegg þá úr með exi. Síðan þrykki ég með bleksvörtu, næstum alltaf án millitóna. Engan haus er hægt að rekja beint til ákveðins módels, hver haus þróast upp út úr öðrum. Enginn er fyrirfram ákveðinn, sérhver verður að því sem hann vill verða. Að síðustu glatast formið. Hausaröð hefur orðið til. Hausarnir stara fram fyrir sig, horfa á mig, líta til vinstri eða hægri, snúa sér. Þeir líta næstum út fyrir að vera slasaðir eða hræddir, reiðir eða feimnir, en oft einnig næsta dreymnir. Þeir eru grannir, þeir eru feitir. Ég þekki þá ekki, ég hef aldrei séð þá áður.

I have the woodcut heads in my hands, understand them thr ough my hands. I saw them out of hardwood and cut them out with an ax. Then I print with pure black, almost never with any middle tones. No head can be traced back to one model, each head evolves fr om the one before it. No head is predesigned, each turns out as it wants to be. In the end the form is lost. A row of heads has emerged. The heads are staring, looking at me, look left or right, turn around. They almost look injured or scared, angry or shy, but often also almost serene. They are thin, they are round. I do not know them, I have never seen them before.



Höfuð/*Heads*, 1997–1999
trérista, æting og steinþrykk/*woodcut, etching and lithograph*, 60 x 47 cm

Guðmundur Ármann Sigurjónsson

Nærvera haustsins
Í þessari myndröð er viðfangsefnið náttúran og nærvera mannanna sem setur spor sín í umhverfið, til góðs eða ills, með einum eða öðrum hætti. Umbreytir, umturnar og rótar. Hvar sem farið er má sjá nálægð okkar mannanna. Hvar sem við förum má sjá nálægð landsins í okkur. Að rista í tréplötu er eins og að takast á við jarðveginn, marka spor í yfirborðið, plægja og ryðja. Þegar nóg hefur verið plægt er litur borinn á og þrykkt, þú uppskerð árangur vinnunnar. Árangur er ekki endilega ný lönd, heldur vetrarvegir, smá bugður á alfara leið.

The presence of Fall
In this group of works the theme is nature and the presence of man, who sets his mark on the environment, for the better or for the worse, one way or another. Changes, overturns and agitates. Wherever we go, the presence of man is visible. Wherever we go, nature is there within us. To make a woodcut is like ploughing the earth, to make a mark on the surface, plough and clear. When there has been enough ploughing, colour is added and a print is made – one harvests the results of one's work. Results are not necessarily discovering new lands, but winter roads, small curves on a common trail.



Nærvera haustsins/*The presence of Fall*, 1999
trérista/*woodcut*, 80 x 90 cm

Guðný Björk Guðjónsdóttir

Sex þrep frá hvítu yfir í svart

Ég hef stundum velt því fyrir mér hversu góð ég þarf að vera til þess að komast til himna. Hvar liggja mörkin? Þarf ég að vera góð allan tímann, eða er kannski nóg að vera oftar betri en verri? Hversu vond þarf ég að vera til þess að komast örugglega ekki? Ef þær góðu fara til himna og þær slæmu til heljar, hvað verður þá um hinar sem vega salt þarna á milli?

Það er slæmt að vera vond kona, jafnvel verra en að vera vondur maður, en án vondrar konu er ekki til góð kona, því hvað ættum við að nota sem viðmiðun? Við þurfum andstæður því án hvíts og svarts væri ekki til grátt. Eitt er víst að við heillumst af því bjarta, fagra og góða, en er ekki eitthvað óendanlega spennandi við hið myrka og hættulega? Andstæður eru einfaldlega spennandi.

Six steps from white to black

I have sometimes wondered how good I have to be to get to Heaven. Where is the dividing line? Do I need to be good all the time or is it perhaps enough to be good more often than bad? How bad must I be not to get there at all? If the good ones go to Heaven and the bad ones to Hell, what becomes of the ones who are somewhere in between?

It is bad to be a bad woman, even worse then being a bad man, but without a bad woman there would be no good woman because there would be nothing for comparison. We need opposites, because without black and white there is no gray. We admire the bright and beautiful, but isn't there something deeply exiting about the dark and danger ous? Opposites are simply exiting.



Sex þrep frá hvítu yfir í svart/*Six steps from white to black*, 1999
stafrænt þrykktar ljósmyndir á handgerðan pappír/
digitally printed photographs on handmade paper, 42 x 74 cm

Halldór Ásgeirsson

Dieter Roth

Yfir heiðina
líður leigubíll
það er vor
og næstum sumar
en liðinn líkami þinn og sál
eru löngu horfin
í svanasöng vatna
snjóskafla gráts
og söknuðar

til einskis skal feta
vonlausa braut
ekkert bjartsýnishjal
dugar lengur fyrir svefninn
ekkert, nei ekkert
skal gefa fyrir söng
svana á vatni
né grát snjóskaflanna?
ég minnist þín og heiðarinnar
gegnum rúðu leigubíls
fyllist trega um stund
á ferð
á öskrandi ferð

Dieter Roth

Across the heath
A taxi glides
It is spring
Almost summer
But your bygone body and soul
Are long lost
In the swansong of lakes
The snowdrifts of tears
And regret

Treading in vain
A futile track
No optimistic chat
Is enough before bedtime
Nothing, no nothing
Shall be given for the swan's
Song on a lake
Nor for the tears of the snowdrifts?
Remembering you and the heath
Through the taxi's window pane
Filled with sadness for a while
Traveling
At a screaming speed.



Hraun, logsuðutæki og pappír/*Lava, welding equipment and paper*

Ingibjörg Jóhannsdóttir

Flaug
Í verkinu „FLAUG" styðst ég við myndir úr barnabókunum „Dísa ljósálfur" eftir G.T. Rotman og „Tinni – Í myrkum Mánafjöllum" eftir Hergé. Ýmsar myndir og stemmningar sem maður upplifir í æsku eru áhrifaríkar og sterkar og móta því – ásamt svo mörgu öðru – hugmyndir um lífið og tilveruna. Þessar myndir úr bókunum eru veigamikill hluti verksins. Hér lít ég til baka og skoða myndbrot sem hafa fylgt mér frá barnæsku, myndir sem fjalla um löngunina til að fara – að kanna nýja heima.

Flew
In the work "FLEW" I make use of images fr om the children's books "Dísa the Fairy" by G.T. Rotman and "Tintin – In the Dark Mountains of the Moon" by Hergé. Some images and situations which one experiences in childhood are very effective and powerful and – among other things – shape ones ideas on life. Those images fr om the books are an important part of the work. Here I look back at pictures which have been a part of me since childhood, images which deal with the desir e to leave – to explore new worlds.



Flaug (detail)/*Flew (detail)*, 1999
æting og steinþrykk/*etching and lithograph*, 120 x 120 cm

Kristinn E. Hrafnsson

Þessar grafíkmyndir eru eins og önnur þrykk sem ég hef gert, eftirmyndir skúlptúra sem auðvelt hefur verið að yfirfæra á tvívítt form. Hugmyndin að þessu verki var eiginlega grafík í sjálfu sér, enda komin beint af prentfleti nokkurra ljóðabóka. Ég var að hanna vatnsniðurföll á nýtt torg og þar sem vatn er frekar ljóðrænt efni í sjálfu sér ákvað ég að þannig yrðu niðurföllin líka að vera. Þau eru útfærsla á nokkrum ljóðum þar sem vatn fellur niður um frátekin orðin. Þetta kallaði ég svo „Brottfall orðanna" og valdi náttúrlega frekar formfögur en um leið lek ljóð, þó svo þau haldi að öllu öðru leyti frá skáldanna hendi. Grafíkþrykkin eru því skuggahlið þessara niðurfalla, þar sem birtan er í fráteknum orðunum, en myrkrið þar fyrir utan. Til að undirstrika enn frekar þessa hugsun frá orðum til hluta og aftur til orða, þá kýs ég að skúlptúrarnir fari sjálfir í sýningarskrána.

These graphic works are like other prints that I have made, reproductions of sculptures that have been easy to transform into two-dimensional forms. The idea behind this work was essentially graphic, originating from the printed surface of a few books of poetry. I was designing water-drains for a new public square and because water is a rather poetic matter I decided that this should also be the case with the water -drains. They are executed in the spirit of a few poems where water flows through selected words. This I titled "The Emission of Words" and picked poems aesthetic in form and yet dripping, but still sound poetry. The graphic prints are the flip-side to those water-drains, where the light is to be found in the reserved words, but darkness around them. To emphasize this thought even further, from words to objects and again to words, I have chosen that the photo of the drains be in this catalogue.



Brottfall orðanna/*The elision of Words*, 1999
járnniðurfall á Kringlutorgi í Reykjavík/
castiron waterdrain, Kringla Square, Reykjavík, 50 x 50 cm

Kristján Steingrímur Jónsson

Verkin eru byggð á ögnum úr málverkum íslenskra meistara á sviði landslagsmálunar. Agnirnar eru stækkaðar í víðsjá, ljósmyndaðar og tölvuprentaðar á pappír í upplagi.

The works are based on particles from paintings by Icelandic landscape masters. The particles are enlarged through a microscope, a photo is taken and printed by computer on paper in a pre-determined number.



Þingvellir/*Thingvellir*, 1999
tölvuprent á pappír/*computerprint on paper*, 110 x 100 cm

Magdalena M. Kjartansdóttir

Dulúðar Dísa
Ég hef alltaf litið svo á að prenttækni sé milliliðalaus tjáningarmáti á sama hátt og önnur listform og ein leið fyrir skapandi útrás listamanns. Við vinnslu verkanna nýti ég, skaparinn sem öllu ræð, aðallega dúk- og tréristutækni til að túlka ástand eða tilfinningar þess sem kviknar á pappírnum. Í þessum verkum held ég mig við manneskjuna og meina sitthvað með hverri persónu, meðvituð um að gildi þeirra svipar til góðra sögumanna sem ná athygli áhorfenda með frásögnum sínum. Ég hef sérstaklega í huga að skilgreina ferlið sem fylgir því að vaxa úr grasi sem kvenvera og lít á sjálfa mig sem sögumann. Verkin hér fjalla um einstæða móður mína með sitt breiða bak.

Mysterious Dísa
I have always considered the graphic process a direct way towards expression, just like any other artform, one particular way of cr eative expression for an artist. While working, I, the cr eator in total control, mainly use the linoleum and woodcut techniques, to interpr et the state or the emotions which are brought to life on the paper. In these works I stick to the human being and give a meaning to each figur e, being aware that their value is similar to that of a good storyteller, who catches the attention of the audience. I particulary like to define the pr ocess of growing up as a female and consider myself as a storyteller. These works are about my single mother, with her broad shoulders.



Dulúðar Dísa/*Mysterious Dísa*, 1999
dúkrista/*linoleum cut*, 187 x 75 cm

Geert Opsomer

Ef þú hefur einhverjar hugmyndir um sálgreiningarkenningar Freuds, um draumaráðningar og um skjaldarmerkjafræði, þá verður ferðin í gegnum táknrænan heim verka minna auðveldari. Í grafíkverkunum tekst ég á við samband karls og konu, valdahlutföll, frelsi og höft, bæði í hversdagslífinu og í víðara samhengi. Ég nota tungumál táknfræðinnar til að tjá mig. Sú staðreynd að alla mannkynssöguna hafa tákn tekið á sig ýmsar myndir hefur lengi heillað mig; ég yfirfæri stundum mína persónulegu merkingu yfir á tákn, og meðhöndla þau á leikrænan, stundum óstýrilátan hátt. Hin endanlega túlkun fer auðvitað eftir heimi og reynslu áhorfandans. En það er alltaf hægt að njóta þessara verka þótt merkingin sé tvíræð.

If you are to some degree familiar with the psychoanalysis of Freud, with dream analysis and with heraldry, you will possibly find it easier to enter my world of symbols. My graphic works deal with the man-woman relationship, power relations, freedom and restriction, both in the small circle of everyday life as on a more universal level. I try to express myself in a symbolic language. I am also fascinated by the fact that in the course of history symbols have gotten different meanings. I sometimes give a totally personal meaning to a symbol. The symbols are handled playfully, sometimes naughtily. The final interpretation depends on the personal world of experience of the viewer. One can enjoy these works even if the meaning is not always unambiguous.




Huglægir rammar/*Cadres Intimes*, 1998
æting og blönduð tækni/*etching and mixed media*, 10 x 10 x 3 cm

Sigrid Valtingojer

